



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

---

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um úthlutun lóða til einstaklinga**

Á fundi borgarráðs þann 25. maí 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnafulltrúa Flokks fólksins:

*Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvort útilokað sé að einstaklingar fái lóð í Reykjavík hvort sem það sé lóð fyrir eigið hús eða fjöleignarhús í samvinnu við aðra einstaklinga. Fréttir eru af því að félög eins og Bjarg og Blær séu tilbúin að byggja hagkvæmt húsnæði en fái ekki lóðir. Fengjust fleiri lóðir stendur ekki á þeim að byggja*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 7. júní sl.

#### **Svar:**

Við úthlutun íbúðarhúsa lóða hefur almennt verið miðað við að:

- Íslenskir ríkisborgarar og aðrir sem uppfylla skilyrði 1. gr. laga nr. 19/1966 um eignarrétt og afnotarétt fasteigna með síðari breytingum.
- Lögaðilar (félög og fyrirtæki) geta sótt um lóðir fyrir raðhús, parhús, einbýlishús, keðjuhús eða fjölbýlishús, eða fyrir allt að 4 íbúðum í sérbýlishúsum (einbýlishúsum, parhúsum, tvíbýlishúsum o.þ.h.). Að öðru leyti skal takmarka umsóknir við fjárhagslega getu umsækjanda.
- Einstaklingar geta sótt um byggingarrétt á einni lóð fyrir einbýlishús (með eða án aukaíbúðar), raðhús/keðjuhús, parhús. Tveir umsækjendur eða fleiri skulu standa saman að umsókn um parhúsa-/tvíbýlishúsalóð. Hjón og fólk í skráðri sambúð telst einn umsækjandi.

Á undanförunum árum hefur Reykjavíkurborg átt í nánú samstarfi við óhagnaðadrifin íbúðarfélag og gerir 10 ára áætlun borgarinnar ráð fyrir áframhaldi á því samstarfi. Þann 6. maí 2022 var skrifað undir lóðarvilyrði og viljayfirlýsingar til fimm slíkra félaga fyrir um tvö þúsund íbúðir á næstu árum á lóðum víðs vegar um borgina, m.a. í Skerjafirði, Breiðholti, Grafarvogi, á umferðarmiðstöðvarreit, í Úlfarsárdal, í Ártúnshöfða, í Gufunesi, á Hlíðarenda og við fyrirhugaðan Miklubrautarstokk. Hefur Bjarg þegar fengið úthlutað lóð í Skerjafirði en framkvæmdir eru ekki hafnar þar sem lóðin er ekki byggingarhæf. Þá fékk Blær leigufélag



Reykjavíkurborg

úthlutað byggingarhæfri lóð við Skyggnisbraut 21-23 í Úlfarsárdal á fundi borgarráðs þann 21. janúar 2021, en framkvæmdir eru ekki hafnar.

Ívar Örn Ívarsson

*Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara*